

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Sigríðar Baldvinsdóttur« út **15**
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 31. mars 1921. 31. mars
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Minningarsjóð Sigríðar Baldvinsdóttur.

Gjafabreyf.

Jeg undirritaður gef hjermeð kr. 300. — þrjú hundruð — krónur, til að stofna með sjóð einum með þeim skilyrðum er hjer segir:

1. gr.

Sjóður þessi skal bera nafn móður minnar Sigríðar Baldvinsdóttur og heita »Minningarsjóður Sigríðar Baldvinsdóttur«. Nafni þessu má aldrei breyta.

2. gr.

Sjóður þessi skal vera handa fátækum munaðarlausum ekkjum, er eiga barn eða börn innan 15 — fimtán — ára aldurs og lögheimili eiga í Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu og Arnarneshreppum, eða eins og þeir hreppar verða, er styrkur er veittur úr sjóðnum. Ef eitthvað af þessum hreppum skiptist sundur og mynda sjálfstæð sveitafjelög, njóta þau styrks úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands þar til ársvextir eru orðnir kr. 500 — fimm hundruð — krónur.

4. gr.

Þegar ársvextir af sjóðnum eru orðnir 500 — fimm hundruð — krónur, má taka til styrkveitinga allt að hálfum ársvöxtum, en afgangurinn leggist allt af við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundruð þúsund krónur.

5. gr.

Ef þessum hálfum ársvöxtum er ekki öllum varið til styrkveitinga á ári, skal leggja afgang við höfuðstólinn.

6. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum eru:

Að ekkjan eigi börn eða barn innan 15 — fimtán — ára aldurs, og hafi ekki sjálf fengið sveitarstyrk eftir að hún náði 16 ára aldri, eða maður hennar meðan þau voru í hjónabandi.

15 Styrkbeiðni þarf að fylgja vottorð frá sóknarpresti þeirrar kirkjusóknar, er ekkjan á 31. mars lögheimili í, um aldur hennar, hve mörg börn hún eigi innan 15 ára aldurs, hvort hún sje fátæk og þurfi styrksins með.

7. gr.

Ekkjur, er biðja um styrk úr sjóðnum, skulu senda skriflega beiðni ásamt áðurnefndu vottorði frá sóknarpresti sínum til hjeradsprófasts á sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, er taka á móti styrkbeiðnum, og sjá um útborgun úr sjóðnum, enda stendur sjóðurinn undir stjórn þeirra.

Engri ekkju má veita minni styrk en 80 — áttatíu — krónur í einu. Fyrir styrk ganga þær ekkjur, er flest börn eiga innan 15 ára, eða eru mjög heilsulitlar.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundrað þúsund krónur — má verja ársvöxtum hans — að undanskyldum kr. 200 — tvö hundruð krónum — sem um aldur og æfi leggist við höfuðstólinn — til að veita styrk ekkjum, sem lögheimili eiga í Eyjafjarðarsýslu.

9. gr.

A þessari skipulagssrá sjóðsins skal fengin konungleg staðfesting.

Akureyri, 9. júlí 1920.

Sigurvin Jónsson.

Samþykkt

16
9. apríl

um

þyngd bakarabrauða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Samkvæmt heimild, sem gefin er í lögum nr. 11, 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum ákveðið að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar skuli vera sem hér greinir:

1. Rúgbrauð	heil 3000 grömm
2. —	hálf 1500 —
3. Franskbrauð	heil 500 —
4. —	hálf 250 —
5. Sigtibrauð	heil 500 —
6. —	hálf 250 —
7. Súrbrauð	heil 500 —